

SAMÞYKKT

um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari.

Hundaeftirlitsmaður starfar í sveitarfélaginu í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands. Hundaeftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu eða dýralæknis eftir því sem þörf krefur.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Eigandi hunds skal láta örmerkja hund sinn hjá dýralækni og skrá hann á skrifstofu sveitarfélagsins.
2. Eigendur hunda skulu hafa hunda sína ábyrgðartryggða vegna tjóns sem hundarnir kunna að valda.
3. Hundar skulu aldrei ganga lausir á almannafæri, heldur vera í fylgd með einhverjum sem hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, opinberar byggingar, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru höfð um hönd, sbr. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.
4. Í skipulögðu þéttbýli er hundaeigendum skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn og farga honum á tryggilegan hátt.
5. Hundaeigandi ber ábyrgð á því að hundur hans raski ekki ró íbúa sveitarfélagsins og sé hvorki þeim né öðrum sem um sveitarfélagið fara til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slyshættu.
6. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í íbúð í fjöleignarhúsi skal skriflegt samþykki allra íbúðar eigenda í sama inngangi, stigagangi eða öðru sameiginlegu húsrými fylgja umsókninni, sbr. 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.
7. Hundaeiganda ber að öðru leyti að fara að lögum og reglum er hundahald varðar, s.s. reglum um árlega hreinsun hunda, sbr. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, og reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Fyrir 31. desember ár hvert skal leggja fram staðfestingu á því að hundur hafi verið hreinsaður, að öðrum kosti getur sveitarstjórn látið hreinsa hundinn á kostnað eigandans.

3. gr.

Við brot á skilyrðum skv. 2. gr. skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé hundur fjarlægður er eiganda hans heimilt að leysa út hundinn gegn greiðslu, sbr. gjaldskrá sveitarfélagsins þar að lútandi.

Sé um að ræða alvarleg eða ítrekuð brot á samþykkt þessari eða öðrum reglum um hundahald skal leyfi fyrir hundahaldi afturkallað og viðkomandi hundur tekinn af skrá sveitarfélagsins.

Handsömun á óskráðum hundi skal auglýst.

Yfirvöld sveitarfélagsins skulu geyma hund í sjö sólarhringa frá handsömun og er heimilt að láta aflífa hundinn að þeim tíma liðnum. Allur kostnaður vegna geymslu hunda greiðist af eiganda.

4. gr.

Hunda sem hætta er talin stafa af og hunda sem ráðast á menn eða skepnur, skal tilkynna til lögreglu þegar í stað, fjarlægja þegar í stað og færa í vörslu hundaeftirlitsmanns. Séu slíkir hundar teknir í vörslu taka lögreglustjóri og hundaeftirlitsmaður ákvörðun um það hvernig með þá skuli farið. Heimilt að fyrirskipa aflífun hættulegs hunds, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004.

5. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta gjald við handsömun hunds vegna brots á samþykkt þessari samkvæmt gjaldskrá settri samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Eigendur eða forráðamenn hunda sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar skulu sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Ef eigandi eða forráðamaður hunds vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hundahald getur sveitarstjórn bannað viðkomandi að halda hund og látið fjarlægja hundinn.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

7. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 15. desember 2009.

F. h. r.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.